

Ed. 132. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Við d-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 3. tölul., svohljóðandi:
Sérstakt grunnjald sem má nema allt að fjórum krónum af hverju kg hinnar innfluttu vöru.

2. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Sérstakt grunnjald skv. 3. tölul. d-liðar 1. mgr. er grunntaxti. Ráðherra er heimilt að hækka hið sérstaka grunnjald allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxtinn er miðaður við vísitölu 1. júlí 1987, þ.e. 100 stig.

3. gr.

32. gr. orðist svo:
Sé ákveðið að lækka fóðurgjöld sem lögð hafa verið á samkvæmt heimild í d-lið 30. gr. eða fella þau niður skal endurgreiða hlutfallslega það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar lækkun eða niðurfelling er ákveðin.

Séu heimildir til álagningar fóðurgjalda samkvæmt d-lið 1. mgr. 30. gr. nýttar skal á sama hátt heimilt að láta hækkun ná til fóðurbirgða sem eru í vörslu innflutnings- og dreifingaraðila er hækkun tekur gildi. Þessir aðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu og skil gjaldanna, sbr. 33. gr.

4. gr.

1. mgr. 34. gr. orðist svo:
Tekjur af grunnjaldi og sérstöku grunnjaldi skv. 1. og 3. tölul. d-liðar 30. gr. renna í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér að í stjórnarsáttmála flokkanna, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, séu ákveðnar efnahagsráðstafanir er brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd nú þegar til að treysta stöðu ríkissjóðs, draga úr þenslu, bæta stöðu þjóðarbúsins út á við og til að stuðla að jöfnun lífskjara. Þar á meðal eru ráðstafanir í landbúnaðarmálum er auk annars stuðla að eflingu innlendrar fóðurframleiðslu.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Við d-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 3. tölul., svohljóðandi: Sérstakt grunngjald sem má nema allt að fjórum krónum af hverju kg hinnar innfluttu vöru.

2. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Sérstakt grunngjald skv. 3. tölul. d-liðar 1. mgr. er grunntaxti. Ráðherra er heimilt að hækka hið sérstaka grunngjald allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxtinn er miðaður við vísitölu 1. júlí 1987, þ.e. 100 stig.

3. gr.

32. gr. orðist svo: Sé ákveðið að lækka fóðurgjöld sem lögð hafa verið á samkvæmt heimild í d-lið 30. gr. eða fella þau niður skal endurgreiða hlutfallslega það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar lækkun eða niðurfelling er ákveðin.

Séu heimildir til álagningar fóðurgjalda samkvæmt d-lið 1. mgr. 30. gr. nýttar skal á sama hátt heimilt að láta hækkun ná til fóðurbirgða sem eru í vörslu innflutnings- og dreifingaraðila er hækkun tekur gildi. Þessir aðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu og skil gjaldanna, sbr. 33. gr.

4. gr.

1. mgr. 34. gr. orðist svo: Tekjur af grunngjaldi og sérstöku grunngjaldi skv. 1. og 3. tölul. d-liðar 30. gr. renna í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. júlí 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jón Helgason.